

## AUGLÝSING

### um fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og PCC SE og PCC BakkiSilicon hf.

Hinn 27. september 2013 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og PCC SE og PCC BakkiSilicon hf.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 52/2013, um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka í Norðurþingi og 13. gr. framangreinds fjárfestingarsamnings, skal samningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðinda á íslensku og ensku og er hann fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. apríl 2014.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Pórður Reynisson.*

#### Fylgiskjal.

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR	INVESTMENT AGREEMENT
MILLI	BETWEEN
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS	THE GOVERNMENT OF ICELAND
OG	AND
PCC SE	PCC SE
OG	AND
PCC BakkiSilicon hf.	PCC BakkiSilicon hf.
Fjárfestingarsamningur þessi er gerður hinn 27. september 2013 („ <b>fjárfestingarsamningurinn</b> “ eða „ <b>samningurinn</b> “),	This Investment Agreement is made as of September 27 2013 (the “ <b>Investment Agreement</b> ” or the “ <b>Agreement</b> ”),
af hálfu og á milli:	by and between:
<b>Ríkisstjórnar Íslands</b> (hér eftir „ <b>ríkisstjórnin</b> “) sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra kemur fram fyrir, með aðsetur að Skúlagötu 4, 150 Reykjavík,	<b>The Government of Iceland</b> (hereinafter referred to as the “ <b>Government</b> ”) represented by the Minister of Industry, Energy, Tourism and Business, with offices at Skúlagata 4, 150 Reykjavík,
<b>PCC SE</b> , sem er félag sem er stofnað og rekið samkvæmt lögum Sambandslýðveldisins Þýskalands, með höfuðstöðvar sínar að Moerser Strasse 149, 47198 Duisburg, Þýskalandi (hér eftir „ <b>PCC SE</b> “)	<b>PCC SE</b> , a corporation under the laws of the Federal Republic of Germany with its principal office at Moerser Strasse 149, 47198 Duisburg, Germany (hereinafter referred to as the “ <b>PCC SE</b> ”)
og <b>PCC BakkiSilicon hf.</b> , sem er hlutafélag stofnað og rekið samkvæmt íslenskum lögum, kt. 450612-0140, með skráð aðsetur að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík (hér eftir „ <b>félagið</b> “).	and <b>PCC BakkiSilicon hf.</b> , a public limited liability company organized and operated under the laws of Iceland, reg. no. 450612-0140, with registered address at Garðarsbraut 5, 640 Húsavík (hereinafter referred to as the “ <b>Company</b> ”)
Sameiginlega eru framangreindir einnig nefndir „ <b>aðilar</b> “ og hvor í sínu lagi „ <b>aðili</b> “.	Collectively, the above may also be referred to hereinafter as the “ <b>Parties</b> ” and individually as a “ <b>Party</b> ”.

## MEÐ ÞVÍ AÐ

ríkisstjórnin og félagið hafa komist að grundvallar-samkomulagi varðandi framkvæmd verkefnis um háþróaða kísilmálmverksmiðju í landi Bakka í Norðurþingi (hér eftir „**verkefnið**“) sem fela í sér ívilnanir frá ríkisstjórninni að því marki sem reglur um ríkisaðstoð heimila. Ársframleiðsla kísilmálm verður allt að 33.000 tonn, með möguleika á framleiðsluaukningu í allt að 66.000 tonn á ári þegar aðstæður leyfa;

ríkisstjórnin hefur einsett sér að bæta erlenda fjárfestingu og framkvæmdir á Íslandi, með áherslu á verkefni sem hafa munu jákvæð efnahagsleg áhrif í framtíðinni og stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi á Íslandi. Í þessu skyni hefur ríkisstjórnin einsett sér að stuðla að því að stofna til útflutningsgreina á Íslandi sem nýta endurnýjanlegar orkulindir landsins með jákvæðum heildaráhrifum á umhverfið;

ríkisstjórnin vill stuðla að og greiða fyrir stofnun verkefnisins með langtímahagsmunum fjárfesta í slíkum verkefnum, viðskiptavina þeirra og ríkisstjórnarinnar í huga;

iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sveitarfélagið Norðurþing og PCC SE skrifuðu undir sameiginlega viljayfirlýsingu í febrúar 2013 með það fyrir augum að ljúka gerð allra samninga sem nauðsynlegt er að undirrita, áður en verkefninu er hrint í framkvæmd;

félagið og PCC SE hafa verið að vinna að samningi um orkukaup við Landsvirkjun hf. og að samningi við Landsnet hf. um flutning orkunnar sem þarf í verkefnið;

félagið hefur undirritað lóðarleigusamning við Norðurþing, dagsettan 31. júlí 2013, og hafnar-samning við Hafnarsjóð Norðurþings, dagsettan 31. júlí 2013;

eftir tilhlýðilega könnun á hagkvæmni verkefnisins verður að lokinni undirritun fjárfestingarsamnings þessa hægt að hefja undirbúningsvinnu á Bakka. Fjárfestingarsamningur þessi tryggir nauðsynlegar ívilnanir til að verkefnið verði að veruleika.

samningur þessi hefur lagalegt gildi á grundvelli laga nr. 52/2013, um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka í Norðurþingi.

## WHEREAS

the Government and the Company have a basic understanding regarding the implementation of a project concerning state-of-the-art silicon metal smelter plant on the property of Bakki in the municipality of Norðurþing (hereinafter referred to as the “**Project**”), which includes the granting of incentives from the Government to the extent permitted under State aid rules. Annual production will be up to 33,000 tons of silicon metal per year, with a view to expanding the capacity up to 66,000 tons per year when circumstances permit;

the Government is committed to enhance foreign investment and construction projects in Iceland, focusing on projects that have a positive future economic impact and which can contribute to the diversification of Iceland's economy. To this end, the Government is committed to promoting the establishment of export industries in Iceland utilizing the sustainable energy resources of the country, having positive holistic environmental effects;

the Government wants to promote and facilitate the establishment of the Project with the long-term interest of investors in such ventures, their customers, and the Government in mind;

in February 2013 the Minister of Industries and Innovation, the municipality of Norðurþing and the PCC SE signed a joint declaration establishing the intentions and good will of all parties towards the Project, and with the aim of progressing to the signature of all the contracts that must be completed before work on the Project can be initiated;

the Company and the PCC SE have been working on a, a power purchase agreement with Landsvirkjun hf. and an agreement with Landsnet hf. for the transmission of electrical power for the Project;

the Company has undersigned a Site Agreement with the municipality of Norðurþing, dated 31 July 2013 and a Harbour Agreement with the Norðurþing Harbour Fund, dated 31 July 2013;

after giving due consideration to the financial feasibility of the Project, which remains to be confirmed by the financing institutions when this Investment Agreement is signed, it will be possible to start preparatory work for the developments at Bakki. This Investment Agreement provides the necessary incentives in order for the Project to materialize;

This Investment Agreement has legal validity on the basis of Act No 52/2013 authorizing the negotiation of contracts on a silicon metal smelter on the property of Bakki in Norðurþing.

Eins og fram kemur í 4. og 7. gr. laga nr. 52/2013 er samningur þessi háður samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA og heimild í fjárlögum sem samþykkt hefur verið af Alþingi um fjárveitingu til undirbúnings iðnaðarlóðarinnar í landi Bakka fyrir verkefnið;

SAMÞYKKJA ÞVÍ aðilar hér með að inngangsorðin að fjárfestingarsamningi þessum sé óaðskiljanlegur hluti hans og gera enn fremur með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

*Skilgreiningar og túlkun.*

1.1. Alls staðar þar sem þau koma fyrir í samningi þessum, skulu eftirfarandi heiti hafa þá merkingu sem tilgreind er hér á eftir:

i) *Alþingi:*

löggjafarsamkoma lýðveldisins Íslands.

ii) *Ríkisstjórn:*

ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ásamt öllum ráðuneytum hennar og stofnunum.

iii) *Lög sem heimila gerð samninga:*

lög nr. 52/2013, um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka í Norðurþingi;

iv) *Félagið:*

PCC BakkiSilicon hf., almenningshlutafélag stofnað og starfrækt samkvæmt íslenskum lögum.

v) *Fjárfestingarsamningur eða samningur:*

samningur þessi, nema annað sé sérstaklega tekið fram

2. gr.

*Uppbygging, tilgangur og undanþágur.*

2.1. Félagið sem mun eiga og reka kísilverið hefur verið stofnað í samræmi við íslensk lög nr. 2/1995, um hlutafélög.

2.2. Tilgangur félagsins er að byggja og reka verkefnið, fyrsta flokks kísilver á Bakka. Í þeim tilgangi hefur félagið gert samning um skipulag, hönnun, innkaup og byggingu nýrrar kísilmálmverksmiðju á Íslandi þar sem SMS Siemag AG (aðalverktakinn) hefur tekið að sér, eða í gegnum viðurkennda undirverktaka, að útvega öll nauðsynleg aðföng, þjónustu og vinnu, sem nauðsynleg er vegna skipulags, hönnunar, innkaupa og byggingar verksmiðjunnar, ásamt gangsetningu hennar og prófunum, gegn fyrirfram ákveðinni heildarþóknun.

As stated in Articles 4 and 7 of Act No 52/2013, this Investment Agreement is subject to the approval of the EFTA Surveillance Authority and authorization stipulated in the Budget accepted by the Parliamentary for allocation of costs in preparing the industrial site on the property of Bakki for the Project.

NOW, THEREFORE the Parties hereby agree that the Preamble to this Investment Agreement shall form an integral part of this Investment Agreement and further agree as follows:

Article 1

*Definitions and Interpretation*

1.1. Wherever the same shall appear in this Agreement, the following terms shall have the respective meanings indicated below;

i) *Alþingi:*

The legislative body of Iceland;

ii) *Government:*

The Government of Iceland, including its ministries and agencies;

iii) *Act authorizing the negotiation of contracts:*

Act No 52/2013 authorizing the negotiation of contracts on a silicon metal smelter on the property of Bakki in Norðurþing;

iv) *Company:*

PCC BakkiSilicon hf., a limited liability company organized and operated under the laws of Iceland;

v) *Investment Agreement or Agreement:*

This Agreement unless otherwise stipulated herein.

Article 2

*Structure, Purpose and Exemptions*

2.1. The Company, which shall own and operate the silicon metal smelter, has been incorporated in accordance with Icelandic law as further provided in Act No. 2/1995 on Public Limited Liability Companies.

2.2. The purpose of the Company shall be to build and operate the Project, a state-of-the-art silicon metal smelter plant on the property of Bakki. For this purpose the Company will enter into a contract for the Design, Engineering, Procurement and Construction of a new Si-Metal production plant in Iceland under which SMS Siemag AG (Main Contractor) will undertake itself or through qualified subcontractors, to provide all supplies, services and works necessary for the design, engineering, procurement, construction, commissioning and testing of the Plant on a fixed lump sum price.

- 2.3. Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarétt og afnotarétt fasteigna (auk sambærilegra ákvæða sem síðar kunna að verða leidd í lög), þar sem krafist er að 4/5 hlutar hlutafjár í hlutafélagi skuli vera eign íslenskra ríkisborgara, að íslenskir ríkisborgarar skuli fara með meirihluta atkvæða á hluthafafundi og að stjórnendur skuli allir vera íslenskir ríkisborgarar.
- 2.4. Félagið skal undanþegið ákvæðum 2. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem þess er krafist að meirihluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri hlutafélags skuli vera búsettir á Íslandi, svo og sambærilegum ákvæðum er kunna síðar að verða leidd í lög.
- 2.5. Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða síðari ákvæðum laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna (svo og sambærilegum ákvæðum sem kunna síðar að verða leidd í lög), enda hafi félagið brunatryggingar svo sem eðlilegt er og venjulegt í sambærilegum atvinnugreinum.
- 2.6. Ákvæði laga nr. 55/1992, um viðlagatryggingu, skulu ekki eiga við um félagið (né heldur sambærileg ákvæði sem síðar kunna að verða leidd í lög), enda hafi félagið gildandi viðlagatryggingu svo sem eðlilegt er og venjulegt í sambærilegum atvinnugreinum.
- 2.7. Ríkisstjórnin mun tryggja að félagið og PCC SE njóti þeirra réttinda og ávinnings sem leiða af fjárfestingarsamningi þessum og að engar ráðstafanir verði gerðar sem kynnu að takmarka eða hafa önnur neikvæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og starfsemi félagsins eða með öðrum hætti hindra að félagið og PCC SE njóti þeirra réttinda og ávinnings sem leiða af fjárfestingarsamningi þessum.

### 3. gr.

#### *Framsali eignarhluta.*

- 3.1. Samþykki ríkisstjórnarinnar er áskilið fyrir framsali eignarhluta í félaginu þar til og eftir að verkefnið er hafið. Ekki skal synja um eða draga slíkt leyfi með ósanngjörnum hætti og ekki þarf slíkt leyfi þegar um er að ræða:
- framsal á minnihlutaeign, allt að 49% alls, til fyrirtækis/fyrirtækja sem skráð eru í ríki innan OECD, eða
  - veðsetningu allra eða einhverra slíkra hluta til tryggingar láni sem veitt er félaginu eða dótturfélögum þess og/eða félaginu til að auðvelda þeim að framkvæma verkefnið, eða sölu slíkra hluta við fullnustu samkvæmt slíkri veðsetningu til fyrirtækis/fyrirtækja í ríki innan OECD.

- 2.3. The Company shall be exempt from provisions of paragraph 1, sub-paragraph 4 of Article 1 of the Act No. 19/1966 on the Right to Own and Utilize Real Estate (and any similar provisions subsequently adopted) requiring that four-fifths of the share capital of a limited company be owned by Icelandic citizens and that Icelandic citizens control the majority of votes at shareholders' meetings and that all directors be Icelandic citizens.
- 2.4. The Company shall be exempt from the provisions of the second paragraph of Article 66 of Act No. 2/1995 on public limited companies requiring that the majority of board members and the managing director of a limited liability company shall have residence in Iceland, and any similar provisions subsequently adopted.
- 2.5. The Company shall be exempt from provisions of Act No. 48/1994 on Fire Insurance, or subsequent provisions of law on joint compulsory insurance for houses (and any similar provisions subsequently adopted), provided that it secures fire insurance as is normal and customary in comparable industry.
- 2.6. The provisions of Act No. 55/1992 on Catastrophe Insurance shall not apply to the Company (and any similar provisions subsequently adopted) provided that the Company shall maintain catastrophe insurance as is normal and customary in comparable industry.
- 2.7. The Government will ensure that the Company and PCC SE enjoy the rights and benefits conferred under this Investment Agreement and that no undertaking will be made that would restrict or otherwise adversely affect the implementation of the Project and the operations of the Company or otherwise frustrate the rights and benefits conferred under this Investment Agreement to the Company and PCC SE.

### Article 3

#### *Transfer of Shares*

- 3.1. The consent of the Government is required for transfer of shares of the Company until or following commencement of operations by the Project. Such consent shall not be unreasonably withheld or delayed and shall not be required in the case of:
- a transfer of minority ownership interests, not exceeding 49% in total, to company(ies) incorporated in an OECD-country, or
  - a pledge of all or any of such shares to secure any loan made to the Company or its affiliates and/or the Company to assist it in implementing the Project, or any sale of any such shares pursuant to such pledge to any company(ies) incorporated in an OECD-country.

3.2. Við framsal hlutdeildar í félaginu skal framsalshafinn verða aðili að samningi þessum á grundvelli útgáfunnar eða framsalsins, og skal hann staðfesta það berum orðum með því að undirrita og afhenda ríkisstjórninni skriflega yfirlýsingu á því formi sem ríkisstjórnin, PCC SE og félagið geta fallist á þar sem fyrirtækið, sem fékk eignarhlutann framseldan, samþykkir alla skilmála og ákvæði samnings þessa og skuldbindur sig til að hlíta þeim í einu og öllu.

#### 4. gr.

##### *Starfsemi.*

4.1. Félagið stefnir að því að hefja byggingu verksmiðjunnar árið 2014 og áætlað er að henni árið 2016, á sama tíma og áætlað er að framleiðsla hefjist.

4.2. Reynist nauðsynlegt fyrir félagið eða PCC SE að fá frá ríkisstjórninni samþykki eða leyfi, sem ekki hafa fengist eða ekki er þörf á þann dag sem samningur þessi er undirritaður, skal ríkisstjórnin gera það sem í hennar valdi stendur til að aðstoða félagið eða PCC SE, hvort sem við á, að öðlast slíkt samþykki eða leyfi í samræmi við landslög.

#### 5. gr.

##### *Umhverfismál.*

5.1. Verkefnið skal rekið í samræmi við starfsleyfi sem gefið er út til félagsins skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 786/1999.

#### 6. gr.

##### *Meginreglur og framkvæmd skattlagningar.*

6.1. Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru lögð á á Íslandi, í samræmi við reglur sem gilda um slík gjöld hverju sinni, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

6.2. Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og útsvar, sem í gildi eru hverju sinni og varða skattframtöl og framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjorsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og útsvar, svo og um andmæli og deilur í tengslum við þau, skulu gilda um félagið, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

#### 7. gr.

##### *Skattar til ríkissjóðs.*

7.1. Þrátt fyrir breytingar sem kunna að verða á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með áorðnum breytingum, skal félagið greiða 15% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:

3.2. In the event of a transfer of shares in the Company the transferee shall become a party to this Agreement by virtue of the issue or transfer, and shall expressly confirm this by executing and delivering to the Government a written instrument in a form satisfactory to the Government, PCC SE and the Company, whereby such acquiring company shall consent to the terms and provisions of this Agreement and agree to be fully bound by its terms and provisions.

#### Article 4

##### *Operations.*

4.1. The Company aims to commence the construction work for the Project in 2014 and it is planned to be finished by 2016 by which time the Project is also scheduled to commence production.

4.2. If it shall become necessary for the Company or PCC SE to obtain from the Government any consent or license, not yet obtained or required at the date of signing of this Agreement, the Government shall use its best efforts to assist the Company or PCC SE as the case may be, to obtain such consent or license, in accordance with national legislation.

#### Article 5

##### *Environmental Matters.*

5.1. The Project shall be operated in accordance with the Environmental Operating License issued in accordance with Act No. 7/1998 and Regulation No. 786/1999 to the Company.

#### Article 6

##### *Principles and Procedure of Taxation.*

6.1. The Company shall be subject to taxes and other public charges generally levied in Iceland, according to the rules applicable to such charges under the law from time to time, except as otherwise provided in this Agreement.

6.2. General provisions of Icelandic income tax, value added tax and municipal tax legislation prevailing from time to time relating to tax returns and their due dates, assessment, reviews, reassessment, collection, due dates and payment and other settlement procedures of income tax, value added tax and municipal tax and to protests and disputes arising in connection thereof, shall apply to the Company, except as provided herein.

#### Article 7

##### *Government Taxes.*

7.1. Notwithstanding eventual changes in the Act No. 90/2003 on Income Tax, as amended, the Company shall pay an income tax at the rate of 15% with the following special provisions:

- a. Verði tekjuskattshlutfall það sem á við um félög með takmarkaðri ábyrgð lægra en 15%, skal slíkt lægra tekjuskattshlutfall gilda um félagið á samningstímanum (eins og hann er skilgreindur í 17. gr.). Ef tekjuskattshlutfallið, sem þannig er lækkað, er hins vegar hækkað síðar á samningstímanum skal slíkt hærra tekjuskattshlutfall gilda um félagið, en þó skal hlutfallið aldrei hærra en 15%.
- b. Fastafjármunir sem tengjast félaginu teljast vera byggingar, vélar og almennir rekstrarfjármunir með föstu hlutfalli, sem skulu flokkaðir skv. 37. og 38. gr. laga nr. 90/2003. Fyrning skal ákvörðuð með þeim hætti sem kveðið er á um í 4. mgr. 7. gr. í samningi þessum.
- c. Félaginu skal heimilt að draga frá árlegum skattskyldum tekjum sínum eftirstöðvar rekstrartaps undanfarinna 10 almanaksára eins og nánar er kveðið á um í 8. tölulið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003. Verði íslenskum félögum almennt heimilaður með lögum frádráttur frá skattskyldum tekjum í fleiri ár, samkvæmt þessari grein, skal sú nýja frádráttarheimild einnig gilda um félagið.
- 7.2. Félagið skal undanþegið greiðslu stimpilgjalda af öllum stimpilgjaldsskyldum skjölum sem gefin eru út eða stofnað er til af hálfu félagsins í tengslum við verkefnið.
- 7.3. Félagið skal undanþegið greiðslu almenns tryggingagjalds sem kveðið er á um í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.
- 7.4. Á því ári sem nýjar eignir eru teknar í notkun, getur félagið valið að fyrna þær eignir með hlutfalli árlegrar fyrningar í stað heils árs fyrningar eins og annars er kveðið á um í 34. gr. laga nr. 90/2003. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 90/2003 er félaginu heimilt að fyrna eignir sínar þannig að ekki standi eftir niðurlagsverð.
- 7.5. Ívilnanir, undanþágur, undantekningar og önnur ákvæði 1.-3. mgr. 7. gr. skulu halda fullu gildi í 10 ár frá þeim tíma sem til viðkomandi skattskyldu eða gjaldskyldu er stofnað af hálfu félagsins, en þó aldrei lengur en í 14 ár frá undirritunardegi samnings þessa, þrátt fyrir síðari breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 36/1978, um stimpilgjöld, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, eða öðrum lögum eða afleiddum lögum sem annars kynnu að takmarka eða
- a. Should the income tax rate in effect be lower than 15% for companies with limited liability, then such lower income tax rate shall apply to the Company during the Contract Period (as defined in Article 17). Should, however, the income tax rate, as so lowered, be subsequently raised during the Contract Period then such higher income tax rate shall apply to the Company but such rate shall never exceed a 15% income tax rate.
- b. Fixed assets relating to the Project shall be considered to consist of buildings, machinery, general plants and equipment in fixed proportions, which shall be classified according to Articles 37 and 38 of Act No. 90/2003. Depreciation shall be determined as provided for in Section 7.4 of this Agreement.
- c. The Company shall be entitled to deduct from taxable income in any given year the remaining net operating losses from the preceding, ten calendar years as further stipulated in subparagraph 8, paragraph 1 of Article 31 of Act No. 90/2003. If Icelandic companies in general will be permitted by law to deduct from taxable income for a greater number of years, subject to this paragraph, such new deduction rule shall also apply to the Company.
- 7.2. The Company shall be exempt from Stamp duties on all documents subject to stamp duty which the company issues or which are drawn up in connection with the development of the Project.
- 7.3. The Company shall be exempt from General social security charge as stipulated in Article 2(3) of Act No 113/1990, on social security charge, as amended.
- 7.4. In the year when new assets are taken into operation, the Company can elect to depreciate those assets with a proportional factor of the annual depreciation instead of full years depreciation as otherwise provided for in Article 34 of Act No. 90/2003. In spite of the provision of Article 42 of Act No. 90/2003 the Company is allowed to depreciate its assets down to no residual value.
- 7.5. The concessions, exemptions, derogations and other stipulations of Article 7.1 to 7.3 shall remain in full force and effect for 10 years from the day the relevant taxable obligation or charge obligation is activated by the Company, however never more than 14 years from date of signature of this Agreement, notwithstanding eventual changes to Act No. 90/2003 on Income Tax, Act 36/1978 on Stamp Duties, Act 113/1990 on Social Security Charge or any other law or secondary legislation which might

draga úr áhrifunum sem stefnt er að með fyrrnefndum greinum. 4. mgr. 7. gr. skal halda fullu gildi á samningstímanum sem tilgreindur er í 17. gr. samnings þessa og sama gildir um önnur lög eða afleidd lög sem annars kynnu að takmarka eða draga úr áhrifum sem stefnt er að með greininni.

## 8. gr.

*Aðflutningsgjöld.*

- 8.1. Innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd félagsins á byggingarefnum, hráefnum og öllum öðrum framleiðslu- aðföngum, sem nauðsynleg eru til reksturs starfseminnar, vélum og búnaði og öðrum framleiðslutækjum og varahlutum í verkefnið og til reksturs þess, skulu undanþegin íslenskum aðflutningsgjöldum skv. tollalögum nr. 88/2005, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, svo og hvers kyns ámóta eða efnislega svipuðum sköttum og gjöldum sem kynnu að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir slík gjöld.
- 8.2. Að uppfylltum skilyrðum sem getið er um í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skal félaginu veittur gjaldfrestur á virðisaukaskatti af innfluttum vörum, þar til endurgreiðsla vegna viðkomandi uppgjörstímabils er á gjalddaga.
- 8.3. Ívilnanir, undanþágur, undantekningar og önnur ákvæði 8. gr. skulu halda fullu gildi í 10 ár frá þeim tíma sem til viðkomandi skattskyldu eða gjaldskyldu er stofnað af hálfu eða fyrir hönd félagsins, en þó aldrei lengur en 14 ár frá undirritunardegi samningsins, þrátt fyrir síðari breytingar á tollalögum nr. 88/2005 eða lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eða öðrum lögum eða afleiddum lögum sem annars kynnu að takmarka eða draga úr áhrifum sem stefnt er að með ákvæðum 8. gr.

## 9. gr.

*Aðrir skattar og gjöld.*

- 9.1. Hafnargjöld vegna inn- og útflutnings framleiðsluvara um Húsavíkurhöfn skulu vera 40% lægri til félagsins eða þess sem kemur fram fyrir þeirra hönd en segir til um í gjaldskrá Hafnarsjóðs Norðurþings, eins og nánar er kveðið á um í samningi milli félagsins og Hafnarsjóðsins, undirrituðum 31. júlí 2013.
- 9.2. Gatnagerðargjöld, sem greidd eru af félaginu eða fyrir hönd þess, skulu vera 30% lægri en segir til um í gjaldskrá Norðurþings, eins og nánar er kveðið á um í lóðarsamningi milli

otherwise limit or reduce the effect intended by the said provisions. Article 7.4 shall remain in full force and effect for the Contract Period stipulated in Article 17 of this Agreement, notwithstanding provisions of any law or secondary legislation which might otherwise limit or reduce the effect intended by the provisions of the Article.

## Article 8

*Import Duties.*

- 8.1. The importation or domestic purchase by or on behalf of the Company of construction materials, raw materials and all other production supplies which are required for the operation of the operation, machinery and equipment and other capital goods and spare parts for the building of the Project and the operation thereof, shall be exempt from Icelandic customs duties pursuant to Act No 88/2005 on Customs and excise duties pursuant to Act No 97/1987 on Excise Duties, as well as any identical or substantially similar taxes or duties which might subsequently be imposed in addition to, or in place of, such duties.
- 8.2. Subject to conditions in the Value Added Tax Act No 50/1988 being fulfilled, the Company will be granted deferral (custom credit) for VAT on import until the payment of the refund for the respective clearing period is due.
- 8.3. The concessions, exemptions, derogations and other stipulations of Article 8 shall remain in full force and effect for 10 years from the day the relevant taxable obligation or charge obligation is activated by or on behalf of the Company, however never more than 14 years from date of signature of this Agreement, notwithstanding eventual changes of Act No. 88/2005, on Customs or Act No. 97/1987, on Excise Duties, Act No. 50/1988 on Value Added Tax or any other law or secondary legislation which might otherwise limit or reduce the effect intended by the provisions of Article 8.

## Article 9

*Other Taxes and Charges.*

- 9.1. The wharfage fees for the import and export of production products through the Húsavík Harbour shall be 40% lower for the Company or on behalf of the Company than what is listed in the Norðurþing Harbour fund tariff as further stipulated in the harbour agreement between the Harbour fund and the Company, signed 31 July 2013.
- 9.2. The road construction charges shall be 30% lower for the or on behalf of the Company than what is listed in the Norðurþing municipality tariff as further stipulated in the site agreement

- Norðurþings og félagsins, undirrituðum 31. júlí 2013.
- 9.3. Byggingarleyfisgjöld, sem greidd eru af félaginu eða fyrir hönd þess, skulu vera 25% lægri en segir til um í gjaldskrá Norðurþings, eins og nánar er kveðið á um í lóðarsamningi milli Norðurþings og félagsins, undirrituðum 31. júlí 2013.
- 9.4. Skatthlutfall fasteignaskatts félagsins skal vera 50% lægra en lögbundið hámark samkvæmt 2. kafla laga nr. 4/1995, með síðari breytingum, eins og nánar er kveðið á um í lóðarsamningi milli Norðurþings og félagsins, undirrituðum 31. júlí 2013.
- 9.5. Ríkisstjórnin skal ekki leggja á ný/frekari gjöld eða skatta sem varða rafmagnskaup og/eða notkun af hálfu félagsins, nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur félög á Íslandi.
- 9.6. Ríkisstjórnin skal ekki leggja á félagið skatta, tolla eða önnur gjöld vegna útblásturs eða mengunar, eða losunar á gasi eða losunar úrgangs, nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur félög á Íslandi.
- 9.7. Félagið skal undanþegið markaðsgjaldi skv. lögum nr. 38/2010, um Íslandsstofu, með síðari breytingum, sem og öðrum ámóta eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum sem kynnu að verða lögð á síðar, til viðbótar við eða í staðinn fyrir markaðsgjaldið.
- 9.8. Félagið skal undanþegið ákvæðum í 1., 4. og 5. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
- 9.9. Geri ríkisstjórnin breytingar á gildandi lögum um milliverðlagningu eða taki hún upp nýjar/aðrar milliverðlagningarreglur mun hún gera það í samræmi við það sem viðtekið væri skv. stöðlum OECD.
- 9.10. Ákvæði þessarar greinar skulu halda fullu gildi í 10 ár frá þeim tíma sem til viðkomandi skattskyldu eða gjaldskyldu er stofnað af hálfu félagsins eða fyrir hönd þess, en þó aldrei lengur en í 14 ár frá undirritunardegi sammingsins, þrátt fyrir síðari breytingar á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, lögum nr. 38/2010, um Íslandsstofu, eða öðrum lögum eða afleiddum lögum sem annars kynnu að takmarka eða draga úr áhrifum sem stefnt er að með ákvæðum greinarinnar.
- between Norðurþing and the Company, signed 31 July 2013.
- 9.3. The building license charges shall be 25% lower for the Company or on behalf of the Company than what is listed in the Norðurþing municipality municipality as further stipulated in the site agreement between Norðurþing and the Company, signed 31 July 2013.
- 9.4. The tax rate of property tax for the Company shall be 50% lower than the stipulated maximum rate according to Chapter II of the Act No. 4/1995, as amended as further stipulated in the site agreement between Norðurþing and the Company, signed 31 July 2013.
- 9.5. The Government shall not impose new/further charges or taxes related to electricity purchase and/or consumption by the Company, unless such charges or taxes are generally levied on other companies in Iceland.
- 9.6. The Government shall not impose taxes, duties or charges related to emission or pollution or the release of gas or other disposal of waste, unless such charges or taxes are generally levied on other companies in Iceland.
- 9.7. The Company shall be exempt from the Market Charge under Act No. 38/2010 on Íslandsstofa, as amended, as well as any identical or substantially similar taxes or charges which might be imposed subsequently in addition to, or in place of the Market Charge.
- 9.8. The Company shall be exempt from the provisions of sub-sections 1, 4 and 5 of paragraph 1 of Article 14 of Act No. 146/1996 on the safety of electrical installations, consumer utilities and electrical equipment.
- 9.9. If the Government is to make amendments to current legislation on Transfer Pricing or take up new/other Transfer Pricing rules it intends to do so in line with what would be acceptable by OECD Standards.
- 9.10. The provisions of this Article shall remain in full force and effect for 10 years from the day the relevant taxable obligation or charge obligation is activated by the Company or on behalf of the Company, however never more than 14 years from date of signature of this Agreement, notwithstanding eventual changes of Act No. 4/1995, on Municipalities' Revenue Bases, Act No. 146/1996 on the Safety of Electrical Installations, Act No. 38/2010 on Íslandsstofa, or any other law or secondary legislation which might otherwise limit or reduce the effect intended by the provisions of the Article.

## 10. gr.

*Undirbúningur lóðar og hjálfunaraðstoð.*

- 10.1. Íslenska ríkið skal, að fenginni fjárheimild frá Alþingi, taka þátt í kostnaði vegna undirbúnings svæðisins með uppgreftri og jöfnun

## Article 10

*Site preparation and training aid.*

- 10.1. Subject to authorization by the Parliament in the budget, the State shall participate in the cost of site preparation for the Project by ex-



iðnaðarlóðar félagsins á Bakka í samræmi við eftirtalda liði a) til e) með samsvarandi magn-takmörkunum, samtals að andvirði allt að 3,3 milljónum evra:

- a) Uppgröftur yfirborðsefna, fjarlægja þau og koma fyrir á þar til gerðu svæði innan lóðarmarkanna til frekari nota við gerð hljóðmana, landslagsmótunar og til annarra nota. Greiðsluhæft magn þessa liðar skal ekki fara umfram 172.000 m<sup>3</sup>.
  - b) Uppfylling með yfirborðsefnum í hljóðmanir. Greiðsluhæft magn þessa liðar skal ekki fara umfram 70.000 m<sup>3</sup>.
  - c) Sprenging / rifjun (ripping) / meitlun og gröftur klappar. Greiðsluhæft magn þessa liðar skal ekki fara umfram 230.000 m<sup>3</sup>.
  - d) Flokkun, mulningur og skimun berggrunns úr uppgreftri, til uppfyllingar. Greiðsluhæft magn þessa liðar skal ekki fara umfram 150.000 m<sup>3</sup>.
  - e) Uppfylling, jöfnun og þjöppun hjalla í landinu samkvæmt skipulagskröfum.
- 10.2. Félagið á rétt á þjálfunaraðstoð, allt að 2 milljónum evra, enda veiti félagið ríkisstjórninni fullnægjandi sönnun, að sanngjörnu mati ríkisstjórnarinnar, á raunverulegum kostnaði vegna þjálfunar starfsmanna í tengslum við verkefnið. Aðstoðin skal þó eigi vera umfram 25% af styrkhæfum kostnaði vegna sértækrar þjálfunar, og 60% af styrkhæfum kostnaði vegna almennrar þjálfunar. Veiting þjálfunaraðstoðar til verkefnisins er ennfremur háð fjárlagaheimild Alþingis og því að uppfyllt séu skilyrði laga nr. 52/2013, 12. gr. laga nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, og 38. gr. og 39. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 (reglugerð um hópundanþágur), sem innleidd var með framangreindum lögum.

#### 11. gr.

##### *Reikningsskilareglur.*

- 11.1. Ársreikningar félagsins skulu gerðir á grundvelli reikningsskilareglna sem gefnar eru út skv. landslögum og af alþjóðlegu endurskoðunarstaðlanefndinni.
- 11.2. Félaginu er heimilt að skrá öll viðskipti sín og gefa út reikningsskil sín í evrum eða annarri mynt að eigin vali í samræmi við landslög.

#### 12. gr.

##### *Endurskoðun skattafyrirkomulags.*

- 12.1. Á samningstímanum er félaginu heimilt að velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum, sem í gildi eru hverju sinni.

cavating and levelling the Company's industrial site on the property of Bakki according to the following Items a) to e) with the corresponding quantity limitations up to a cumulative total cost of EUR 3.3 million:

- a) Excavation of topsoil, removing it and stockpiling at a designated area within the Site for further use in sound barriers, landscaping or for other purposes. Payable quantities for this Item shall not exceed 172.000 m<sup>3</sup>.
  - b) Filing topsoil in sound barriers. Payable quantities for this Item shall not exceed 70.000 m<sup>3</sup>.
  - c) Blasting / ripping / chiseling and excavation of bedrock. Payable quantities for this item shall not exceed 230.000 m<sup>3</sup>.
  - d) Sorting, crushing and screening of bedrock from excavations, for filling. Payable quantities for this Item shall not exceed 150.000 m<sup>3</sup>.
  - e) Filling, leveling and compacting of terraces according to the layout requirements.
- 10.2. The Company shall be entitled to a training aid in the maximum amount of EUR 2 million, subject to the Company furnishing the Government with sufficient proof, in the reasonable opinion of the Government, of actual incurred costs due to training of employees in relation to the Project. The aid may however not exceed 25% of eligible costs for specific training and 60% of eligible costs of general training. The granting of any training aid for the Project is furthermore subject to an authorization by the Parliament in the budget, fulfillment of the conditions laid down in Act No 52/2013 and Article 12 of Act No 99/2010, and Articles 38 and 39 of Commission Regulation No 800/2008 (General Block Exemption Regulation), as implemented with the said Act.

#### Article 11

##### *Principles of Accounting.*

- 11.1. The annual financial statements of the Company shall be established on the basis of accounting principles issued by national legislation and the International Accounting Standards committee.
- 11.2. The Company may record all its transactions and issue its financial statements in EUROS, or other currency of choice, in accordance with national legislation.

#### Article 12

##### *Review of Tax Arrangements.*

- 12.1. During the Contract Period the Company may elect to be subject to general Icelandic tax laws as existing from time to time. A request

Beiðni um slíka breytingu má leggja fram með skriflegri tilkynningu eigi síðar en 1. júní þess almanaksárs sem fer á undan því almanaksári sem breytingin á að taka gildi. Berist slík tilkynning skulu aðilar þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattkerfi skv. tilvitnuðum lögum. Aðilar skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd slíkrar breytingar. Eftir það skal félagið lúta þessum skattalögum það sem eftir er af gildistíma samningsins.

## 13. gr.

*Staða samninga að lögum.*

- 13.1. Samningur þessi skal birtur í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda á Íslandi á ensku og í íslenskri þýðingu til upplýsingar strax eftir undirritun hans af hálfu aðila. Birting samningsins skal ekki vera skilyrði fyrir gildistöku hans. Framangreint skal eiga við á sama hátt um hvers kyns breytingar á samningi þessum sem aðilar kunna síðar að gera á samningnum í samræmi við ákvæði hans.

## 14. gr.

*Fyrirheit ríkisstjórnarinnar.*

- 14.1. Ríkisstjórnin mun gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja að félagið og PCC SE njóti allra þeirra réttinda og ávinnings sem leiða af samningi þessum og að engar ráðstafanir verði gerðar sem kynnu að takmarka eða hafa önnur neikvæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og starfsemi félagsins og PCC SE, hvort sem við á, í tengslum við verkefnið að öðru leyti. Í þessu skyni skuldbindur ríkisstjórnin sig til að tryggja og viðhalda lagaumhverfi sem er sambærilegt við það sem almennt gerist í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

## 15. gr.

*Lög sem gilda og deilumál.*

- 15.1. Um samning þennan og túlkun hans skal fara að íslenskum lögum.
- 15.2. Sérhver deila, skoðanamunur, ágreiningur eða krafa sem rísa kann vegna samnings þessa eða í tengslum við hann skal leyst fyrir íslenskum dómstólum, þar sem einungis héraðsdómur Reykjavíkur hefur lögsögu á neðra dómstigi.
- 15.3. Sérhver aðili afsalar sér hér með óafturkallanlega, að því marki sem lög heimila í lögsögu þeirri þar sem málshöfðun kann að eiga sér stað eða þar sem dómi kann að vera fram-

for such a transition shall be made by way of written notice submitted not later than 1 June of the calendar year prior to the calendar year when such a transition is to take effect. If such notice is given, the Parties shall promptly enter into negotiations on the transition to the general tax system according to the cited laws. The Parties shall agree on the transition procedures to accomplish such changeover. Thereafter, the Company shall be subject to these tax laws for the remaining term of this Agreement.

## Article 13

*Legal Status of Agreements.*

- 13.1. This Agreement shall be published in its entirety in Part B of the Government Gazette of Iceland for purposes of information immediately following the signing thereof by the Parties, in both the English version and an Icelandic translation. Such publication is not a condition precedent to the entry into force of the Agreement. The foregoing shall apply in the same manner to any amendments to this Agreement which may be subsequently made between the Parties in accordance with its terms.

## Article 14

*Assurances by the Government.*

- 14.1. The Government will take all steps necessary to ensure that the Company and PCC SE enjoy all the rights and benefits conferred under this Agreement and that no undertaking will be made that would restrict or otherwise adversely affect the implementation of the Project and the operations of the Company or PCC SE as the case may be, in relation to the Project or otherwise. To this end the Government is committed to ensure and preserve a legal environment that is comparable to what is generally applicable in the EEA states.

## Article 15

*Force Majeure.*

- 15.1. This Agreement shall be governed by and construed in accordance with the law of the Republic of Iceland.
- 15.2. Any dispute, difference, controversy or claim arising out of or in connection with this Agreement shall be decided by the courts of the Republic of Iceland with the District Court of Reykjavik having exclusive jurisdiction at the district court level.
- 15.3. Each of the Parties hereby irrevocably waives, to the fullest extent permitted by the law of any jurisdiction in which proceedings may be taken or any judgment enforced, with

fylgt, að því er varðar hann sjálfan, tekjur hans og eignir (án tillits til notkunar þeirra eða áætlaðrar notkunar), allri friðhelgi á grundvelli fullveldis eða á öðrum svipuðum grundvelli að því er varðar:

- i) birtingu stefnu eða annarra skjala er varða málshöfðun og hvers kyns friðhelgi frá lögsögu, málssókn eða dómsuppkvaðningu,
- ii) lögsögu dómstóls þar sem leitað er fullnustu,
- iii) lausn með lögbanni, fyrirmæli um efndir in natura, eða endurheimt eigna,
- iv) fjárnám í eignum hans, og
- v) framkvæmd eða fullnustu hvers kyns dóms sem hann, tekjur hans eða eignir gætu annars þurft að þola.

Hver aðili um sig samþykkir óafturkallanlega, að því marki sem framkvæmanlegt er, að hann muni ekki krefjast slíkrar friðhelgi.

#### 16. gr.

##### *Óviðráðanleg öfl (force majeure).*

16.1. Í samningi þessum eru óviðráðanleg öfl hér með skilgreind á þann veg að þau taki til ófriðar (hvort sem um stríðsyfirlýsingar er að ræða eða ekki), styrjaldaraðgerða, hersetu, byltinga, uppreisna, borgarastyrjalda, óeirða, uppþota, fjöldauppnáms, múgæsinga, sjóránsaðgerða, skemmdarverka, geislavirkni, farsóttá, sprenginga, eldsvoða, jarðskjálfta, eldgosa, storma, flóðbylgja, flóða, mikillar ísingar, þurrka, eldinga, sóttkvía, flutningsbanna, almennrar stöðvunar á flutningum eða siglingum, eða hvers kyns ámóta tilvika, sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með eðlilegum ráðum af hálfu þess aðila sem fyrir verður, og í þessu tilliti skulu óviðráðanleg öfl einnig taka til allsherjarverkfalla, staðbundinna verkfalla, viðskiptabanna, verkabanna eða ámóta vinnuflana á Íslandi eða annars staðar, sem aðili sá á Íslandi, sem ber fyrir sig óviðráðanleg öfl og fyrir slíku verður, hefur ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á þótt hann hefði beitt öllum eðlilegum ráðum sem honum voru tiltæk (þó með þeim fyrirvara að engum aðila er skylt að leysa slíkar vinnudeilur), en eingöngu um þann tíma sem aðilanum var ókleift að binda enda á ástandið með öllum raunhæfum ráðum sem honum voru tiltæk.

16.2. Eigi skal misbrestur eða aðgerðaleyfi af hálfu aðila um að efna nokkra skuldbindingu sína samkvæmt samningi þessum teljast vanefnd á slíkri skuldbindingu ef og að því leyti, sem slíkur misbrestur eða aðgerðaleyfi er af völdum óviðráðanlegra afla.

respect to itself and its revenues and assets (irrespective of their use or intended use), all immunity on the grounds of sovereignty or other similar grounds from;

- i) service of process or other documents relating to proceedings and any immunity from jurisdiction, suit or judgement;
- ii) jurisdiction of any Courts in which enforcement is sought;
- iii) relief by way of injunction, order for specific performance or for recovery of property;
- iv) attachment of its assets; and
- v) execution or enforcement of any judgement to which it or its revenues or assets might otherwise be subjected.

Each Party hereby irrevocably agrees, to the fullest extent it may effectively do so, and that it will not claim any such immunity.

#### Article 16

##### *Force Majeure.*

16.1. For the purposes of this Agreement, Force Majeure is hereby defined to mean hostilities (whether or not a state of war is declared), warlike operations, military occupation, revolution, insurrection, civil war, riot, rebellion, civil commotion, mob violence, acts of piracy, acts of sabotage, radioactivity, plague, explosion, fire, earthquake, volcanic eruption, windstorm, tidal wave, flood, severe icing conditions, drought, lightning, quarantine, embargo, general suspension of transportation or navigation, or any similar event which may not reasonably be prevented or controlled by the affected Party, and for said purposes Force Majeure shall also include general strikes, local strikes, boycotts, lock-outs or similar labour disturbances in Iceland or elsewhere affecting the Party in Iceland, so claiming the force majeure, which the Party affected could not, by taking all reasonable measures available to it, have prevented or controlled (provided, however, that no Party is under any obligation to settle any such labour disturbance), but only for such period as such Party shall remain unable to effect a termination thereof by taking all reasonable measures available to it.

16.2. No failure or omission by the Parties to perform any of their obligations pursuant to this Agreement shall be considered a default in the performance of such obligations if and insofar as any such failure or omission is caused by Force Majeure.

16.3. Sá aðili sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl samkvæmt þessari grein skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra afla. Misbrestur eða aðgerðaleyfi skal, að því er grein þessa varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra afla að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðaleyfi, sanni:

- a) að misbrestur hans eða aðgerðaleyfi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 16. gr. hér að framan, og
- b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripð til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til þess að forðast slíkan misbrest eða aðgerðaleyfi.

16.4. Sérhver aðili samnings þessa skal tafarlaust tilkynna hinum um óviðráðanleg öfl sem valda misbresti eða aðgerðaleyfi um að efna eigin skuldbindingar hans samkvæmt samningi þessum. Jafnframt skal sá aðili gera allar raunhæfar ráðstafanir til að draga úr áhrifum af misbresti eða aðgerðaleyfi að efna eigin skuldbindingar að fullu. Sá aðili sem ber fyrir sig óviðráðanleg öfl skal tilkynna hinum aðilanum þegar viðkomandi aðstæður af völdum óviðráðanlegra afla eru ekki lengur fyrir hendi og gera allar raunhæfar ráðstafanir, sem í hans valdi standa, til að hefjast handa um að efna að nýju skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum með sem minnstum mögulegum töfum.

#### 17. gr.

##### *Samningstími.*

- 17.1. Samningur þessi tekur gildi þann dag sem hann er undirritaður af hálfu aðila.
- 17.2. Samningur þessi skal haldast í gildi í fjórtán (14) ár eftir að hann gengur í gildi. Undanþágur frá sköttum og gjöldum, sem kveðið er á um í 1.-6. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1.-7. mgr. 9. gr. samningsins, skulu gilda í 10 ár frá þeim degi sem viðkomandi skattskylda eða gjaldskylda myndast, þó aldrei lengur en 14 ár frá undirritun fjárfestingarsamningsins.

#### 18. gr.

##### *Gildir textar.*

- 18.1. Opinbert tungumál samnings þessa er enska.

#### 19. gr.

##### *Framsal.*

- 19.1. Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum skal enginn aðili geta framselt, afsalað sér, eða falið öðrum án samþykkis hinna aðilanna, sbr. þó 3. gr. og 2. mgr. 19. gr. Ekki skal tefja eða synja um slíkt samþykki með ósanngjörnum hætti.

16.3. The Party alleging the existence of Force Majeure for the purposes of this Article shall have the burden of establishing the existence of such Force Majeure. A failure or omission shall for the purposes of this Article be considered to have been caused by Force Majeure only if the Party so failing or omitting to perform can establish that:

- a) The failure or omission is the direct result of Force Majeure as defined in 16.1, and
- b) It has exercised due care and has taken all reasonable alternative measures to avoid such failure or omission.

16.4. Each Party shall promptly give notice to the other Parties of Force Majeure causing any failure or omission in the performance of its own obligations under this Agreement. Such Party also shall make all reasonable efforts to mitigate the effect of its failure or omission to perform in full. The Party claiming Force Majeure shall give notice to the other Party of the cessation of the relevant event of Force Majeure and shall, take all reasonable steps within its power to resume with the least possible delay the performance of its obligations under this Agreement.

#### Article 17

##### *Contract Period.*

- 17.1. This Agreement shall become effective on the date of signature by the Parties.
- 17.2. This Agreement shall continue in force for fourteen (14) years from the date of its entry into force. The derogations from taxes and charges, laid down in Articles 7.1 to 7.6, 8.1, 9.1 to 9.7 of the Agreement, shall be valid for 10 years from the day the relevant tax- or charge obligation occurs, however never more than 14 years from the signing of the Investment Agreement.

#### Article 18

##### *Official Text.*

- 18.1. The official language of this Agreement shall be English.

#### Article 19

##### *Assignment.*

- 19.1. Subject to Article 3 and 19.2 the rights and obligations under this Agreement shall not be assigned, transferred or delegated by any Party without the consent of the other Parties. Such consent shall not be unreasonably withheld or delayed.

19.2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 19. gr. er félaginu heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum, án samþykkis ríkisstjórnarinnar, til fjármálastofnana sem tryggingu fyrir hvers kyns fjármögnun er tengist verkefninu. Að áskildu því að beinn samningur verði gerður milli ríkisstjórnarinnar og viðkomandi fjármálastofnana, skal ríkisstjórnin, hafi verið gengið að tryggingunni, samþykkja framsal réttinda og skyldna félagsins samkvæmt samningi þessum til fjármálastofnana, sem eru veðhafar, eða frekari sölu af hálfu slíkra fjármálastofnana til aðila sem eignast réttindi félagsins í verkefninu og uppfyllir þau skilyrði sem sett eru um eigendur í 5. gr. laga nr. 99/2010.

20. gr.

*Breytingar og endurskoðun.*

- 20.1. Samningi þessum má aðeins breyta með viðaukasamningi sem aðilar gera með sér skriflega.
- 20.2. Við gerð samnings þessa viðurkenna aðilar að ekki sé raunhæft að hyggjast setja fram ákvæði um hvernig bregðast skuli við öllu því sem upp getur komið á gildistíma hans. Lýsa aðilar yfir þeim ásetningi sínum að samningnum verði beitt með sanngirni í skiptum þeirra og án þess að hagsmunir hvors þeirra um sig bíði tjón af, þegar tekið er tillit til þess hvernig skipt er því hagræði og þeirri áhættu sem af honum leiðir.

21. gr.

*Tilkynningar.*

- 21.1. Hvers kyns tilkynningar, sem áskildar eru eða heimilaðar samkvæmt samningi þessum, skulu sendar bréfleidis eða með tölvupósti og staðfestar skriflega eða með svari og teljast gildar og fullnægjandi ef þær eru sendar með ábyrgðarflugpósti að greiddu burðargjaldi og staðfestar í ábyrgðarflugpósti með eftirfarandi utanáskrift:

**Til ríkisstjórnarinnar:**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagata 4  
150 Reykjavík

**Til félagsins:**

PCC BakkiSilicon hf.  
Garðarsbraut 5  
640 Húsavík  
Ísland

eða með annarri utanáskrift eða tölvupóstfangi, sem viðkomandi aðili kann að tilkynna hinum aðilanum með þeim hætti sem kveðið er á um hér að framan.

19.2. Notwithstanding Article 19.1 the rights and obligations under this Agreement may be assigned by the Company, without the Governments consent, to financial institutions as security for any financing relating to the Project. Subject to a direct agreement being entered into between the Government and respective financial institutions, upon enforcement of the security, the Government shall consent to the transfer of the Company's rights and obligations under this Agreement to financial institutions holding such security or the further sale from such financial institutions to any person who acquires the Company's interest in the Project and meets the conditions relating to owners stipulated in Article 5 of Act No. 99/2010.

Article 20

*Amendments and Review.*

- 20.1. This Agreement may be amended solely by a supplemental agreement duly entered into in writing between the Parties.
- 20.2. In entering into this Agreement the Parties recognize that it is impractical to make provisions for every contingency which may arise during the course of this Agreement. The Parties declare it to be their intention that this Agreement shall be operated between them with fairness and without detriment to the interests of either of them, taking into account the allocation of benefits and risks ensuing from it.

Article 21

*Notices*

- 21.1. Any notice required or permitted to be given hereunder shall be in writing or email to be confirmed in writing or reply and shall be valid and sufficient if dispatched by registered air mail, postage prepaid be confirmed by such registered mail, addressed as follows:

**If to the Government:**

Ministry of Industries and Innovation  
Skúlagata 4  
150 Reykjavík

**If to the Company:**

PCC BakkiSilicon hf.  
Garðarsbraut 5  
640 Húsavík  
Iceland

Or to such other address, or email address as the relevant Party may notify to the other Parties in accordance with the above procedure.

- 21.2. Aðili, sem rétt á til tilkynningar, sem krafist er eða heimiluð í samningi þessum, getur afsalað sér þeim rétti skriflega, hvort sem er fyrir eða eftir að hennar er krafist eða hún heimiluð.
- 21.3. Tilkynningar samkvæmt samningi þessum skulu teljast hafa verið veittar þegar tíu (10) almanaksdagar eru liðnir frá póstlagningu. Tilkynning með tölvupósti telst gefin á þeim degi sem móttakandi svarar.

22. gr.  
*Ýmis ákvæði.*

- 22.1. Fjárfestingarsamningur þessi skal undirritaður og afhentur af aðilum í þremur (3) eintökum. Sérhvert eintak telst frumeintak og jafngilt hinum eintökunum.
- 22.2. Fjárfestingarsamningur þessi er undirritaður á grundvelli laga nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, með síðari breytingum, og laga nr. 52/2013, um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka í Norðurþingi, með vísan til reglugerða sem settar eru með stöð í þeim lögum. Lögin fela í sér ríkisaðstoð, sem tilkynnt hefur verið Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og er háð samþykki hennar. Veiting byggðaaðstoðar er háð árlegum skýrslum til ESA og eftirliti ESA með beitingu ríkisaðstoðarinnar.
- 22.3. Til tryggingar á rétttri notkun ívilnana skv. samningi þessum ber félaginu að senda ráðuneyti því, sem ber ábyrgð á efnahagsþróun og fjárfestingu, árlega skýrslu um framvindu verkefnisins, hlut ívilnunar í framgangi þess, samtals fjárhæð veittrar ríkisaðstoðar á undanförmu ári og tilgreiningu á annarri starfsemi aðila ef einhver er.
- 22.4. Fella ber niður ívilnanir skv. samningi þessum og endurkrefja um þegar veitta ívilnun komi í ljós að félagið hafi vísitandi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum sem höfðu áhrif á veitingu ívilnunarinnar. Endurkrefja ber um ívilnun ef hún hefur verið nýtt til annarra hluta en fjárfestingarverkefnis þess sem var forsenda veitingar hennar.
- 22.5. Komi í ljós að ívilnun skv. samningi þessum er komin umfram þær heimildir sem fram koma í lögum nr. 99/2010, lögum nr. 52/2013 eða samningi þessum skal endurkrefja félagið um þann hlut sem umfram er og stöðva veitingu frekari ívilnunar.

- 21.2. Notices required or permitted under this Agreement may be waived, in writing, by the Party entitled to receive the same either before or after the date on which notice is required or permitted to be given.
- 21.3. Notices given as herein provided shall be considered to have been given ten (10) calendar days after the mailing thereof. A notice by email shall be considered to have been given at the date of reply by the recipient.

Article 22  
*Miscellaneous Provisions*

- 22.1. This Investment Agreement shall be signed and delivered by the Parties in three (3) copies. Each such copy shall constitute an authentic original of equal validity with each of the other copies.
- 22.2. This Investment Agreement is signed on the basis of Act No 99/2010, on incentives for initial investments in Iceland, as amended, and Act No 52/2013, authorizing the negotiation of contracts on a silicon metal smelter on the property of Bakki in Norðurþing, with reference to regulations issued under the respective acts. The acts contain state aid measures which have been notified to the EFTA Surveillance Authority (“ESA”) and are subject to an approval from ESA. The granting of the regional investment aid is subject to annual reports to ESA and the monitoring of ESA of the application of the state aid measures.
- 22.3. To ensure the proper use of the incentives provided for in this Agreement, the Company shall send to the Ministry responsible for economic development and investment an annual report on the progress of the Project, the share of the incentives in its advancement, the total amount of state aid granted in the preceding year and specification of other commercial activities of the Company, if any.
- 22.4. The incentives provided for in this Agreement shall be cancelled and granted incentives recovered if it is revealed that the Company have knowingly provided false information or concealed information which influenced the granting of the incentives. An incentive shall be recovered if it has been used for any purposes other than the Project in respect of which the incentive was granted.
- 22.5. If it is revealed that the incentives provided for in this Agreement have exceeded the levels permitted in Act No 99/2010, Act No 52/2013, or the Agreement, the excess amount shall be reclaimed from the Company and further granting of incentives shall be discontinued.

- 22.6. Ef ákvörðun um ívilnun er afturkölluð samkvæmt grein þessari eða í kjölfar ákvörðunar ESA um ólögsmæta ríkisaðstoð, skulu stjórnvöld, sbr. 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, gera ráðstafanir til þess að endurheimta veitta ríkisaðstoð frá þiggjanda hennar.
- 22.7. Eins og fram kemur í þessum fjárfestingarsamningi er hann háður samþykki Eftirlitsstofunar EFTA og samþykki Alþingis til fjárveitingar til undirbúningsvinnu á svæðinu og kostnað vegna þjálfunar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU, hefur samningur þessi verið undirritaður fyrir hönd ríkissjóðs og félagsins þann dag sem í upphafi greinir, í þremur eintökum.

**Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands**

\_\_\_\_\_  
Ragnheiður Elin Árnadóttir  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

**PCC BakkiSilicon hf.**

\_\_\_\_\_  
Dr. Sabine König  
forstjóri

\_\_\_\_\_  
Dr. Peter Wenzel  
stjórnarmaður

**PCC SE**

\_\_\_\_\_  
Ulrike Warnecke  
forstjóri

\_\_\_\_\_  
Dr. Peter Wenzel  
framkvæmdastjóri orkusviðs

*Vottar:*

Þórður Reynisson  
Kristján Skarphéðinsson

- 22.6. If a decision on an incentive is withdrawn pursuant to this Article, or following a decision by ESA on unlawful state aid, the Government shall, as provided in the third paragraph of Article 31 of the Competition Act No. 44/2005, take steps to recover the granted state aid from its recipient.
- 22.7 As stated in this Investment Agreement, the Agreement is subject to an approval of the EFTA Surveillance Authority and an approval from the Parliament on allocation of funds to site preparation and training aid costs.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government and the Company as of the date first above written, in three copies.

**On behalf of the Government of Iceland**

\_\_\_\_\_  
Ragnheiður Elin Árnadóttir  
Minister of Industry and Innovation

**PCC BakkiSilicon hf.**

\_\_\_\_\_  
Dr. Sabine König  
Managing Director

\_\_\_\_\_  
Dr. Peter Wenzel  
Board Member

**PCC SE**

\_\_\_\_\_  
Ulrike Warnecke  
Managing Director

\_\_\_\_\_  
Dr. Peter Wenzel  
COO Energy Division

*Witnesses:*

Þórður Reynisson  
Kristján Skarphéðinsson